

Ed.

403. Frumvarp til laga

[78. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. marz.)

Samhljóða þskj. 87 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, er sveitarfélagi heimilt að annast útboð, undirbúa samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verksins, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur til þess fullnægjandi aðstöðu að mati samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967 um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

23. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og bygginga-
eftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

Heimilt er að fela framkvæmdadeild umsjón með viðhaldi mannvirkja, enda þótt áætlaður kostnaður sé undir þeim talnalegu mörkum, sem getið er í 1. gr.